



Reykjavík, 9. maí 2019

R19050087

bb

Mannréttinda- og lýðræðisráð

Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Tillaga fjlommennignarráðs um tilraunaverkefni um rafræna upplýsingagjöf

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fjlomenningarráðs 30. apríl 2019 var svohljóðandi tillögu fjlomenningarráðs vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisráðs:

Lagt er til tilraunaverkefni sem snýr að rafrænni upplýsingagjöf fyrir innflytjendur með vefspjalli eða rafrænni gátt sem svarar fyrirspurnum á öðrum tungumálum en íslensku innan skamms tíma.

Það tilkynnist hér með.

Greinargerð fylgir tillöggunni.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Rafræna þáttinn þarf að styrkja en hafa verður einnig í huga að sumir nota einfaldlega ekki netið. Rafræn áhersla er orðin svo rík í vitund margra að hætta er á að gleyma þeim sem nota sjaldan eða aldrei netið og eru jafnvel einungis með heimasíma og póstkassa. Borgarfulltrúa Flokks fólksins leikur forvitni á að vita hvort einhverjar upplýsingar eru til um algengi tölву- og netnotkunar íbúa af erlendum uppruna. Hvernig okkur gengur að koma upplýsingum til fólks ætti að vera spurning sem við spryrjum okkur daglega. Mikilvægt er að hafa fjölbreyttar leiðir í boði til að miðla upplýsingum til allra borgarbúa og meðtaka upplýsingar eftir atvikum. Þegar Alþjóðahús var starfrækt var það einmitt eitt af hlutverkum þess að halda úti fræðslu- og upplýsingadeild og aðstoða fólk hvað varðar íslenskt samfélag. Fyrir suma er skilvirkast að geta mætt á ákveðinn stað og fá tækifæri til að ræða við starfsmann í eigin persónu eins og var hægt þegar Alþjóðahús var starfrækt. Vel kann að vera að skoða ætti að endurvekja Alþjóðahús.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Tillaga fjlommennignarráðs um tilraunaverkefni um rafræna upplýsingagjöf

Tillaga um tilraunaverkefni um rafræna upplýsingagjöf

Fjölmenningarráð leggur til tilraunaverkefni sem snýr að rafrænni upplýsingagjöf fyrir innflytjendur með vefspjalli eða rafrænni gátt sem svarar fyrirspurnum á öðrum tungumálum en íslensku innan skamms tíma.

Greinargerð

Þörfin fyrir upplýsingagjöf til íbúa Reykjavíkur af erlendum uppruna er brýnt málefni sem kemur ítrekað upp á Fjölmenningsþingi borgarinnar sem og öðrum samráðsvettvöngum um málefni innflytjenda.

Nauðsynlegt er að miðla upplýsingum til innflytjenda, umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks í samvinnu við ríkið og önnur sveitarfélög. Mikilvægi þess er ávarpað í meiri hlutasáttmála sem og í gildandi stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Mikilvægt er að taka þetta samtal við ríkið eins og kemur t.d. fram í umsögnum um þingsályktunartillögu um ráðgjafarstofu innflytjenda bæði frá sviðum Reykjavíkurborgar sem og hagsmunasamtökum innflytjenda, s.s. HOLA – samtökum spænskumælandi á Íslandi og Samtökum kvenna af erlendum uppruna sem eiga fulltrúa í fjölmenningarráði.

Mikil þekking er til staðar á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar sem hægt væri að nýta í þetta verkefni, bæði hvað varðar sértæka upplýsingabörf innflytjenda sem og á öðrum málefnum borgarkerfisins. Auk annarra tungumála tala starfsmenn þar ensku og pólsku og gera má ráð fyrir að mestur fjöldi fyrirspurna berist á þeim tungumálum. Erindi á öðrum tungumálum mætti frumgreina með hjálp rafrænna þýðingartóla. Skýrar reglur þyrfti að móta bæði varðandi verklag og hvenær ætti að vísa viðkomandi til sérfraðinga á öðrum sviðum borgarkerfisins, t.d. skóla- og frístundasviðs eða velferðarsviðs eða hvenær þarf að kalla til túlk eða fá aðra aðstoð varðandi tungumál.

Telja má öruggt að með þessari aðgerð væri hægt að mæta brýnni þörf en einnig spara vinnu og fjármagn með því að leysa mál snemma á skilvirkan og einfaldan hátt.